

Andrés Önd

Samskipti á netinu

Lærðu góðar netvenjur
með Andrési og félögum!



S A F T
SAMFÉLAG, FJÓLSKYLDA OG TÆKNI

Innihald



Ert þú netsnillingur? 2

Öryggissérfræðingurinn 6



**Vertu ofur-rannsóknar-
lögga 10**

Klókt og öruggt 11



Saman á netinu 12

Samfélagsmiðlar 14



Nei við neteinelti 16



Samskipti á netinu.

Lærðu góðar netvenjur með Andrésí og félögum!

© Disney
Útgefandi: Edda útgáfa, 2017,
í samvinnu við Egmont A/S.

Blaðið er gefið út í samstarfi við
SAFT – Samfélag, fjölskylda og
tækni.

Pýðandi
Atli Steinn Guðmundsson

S A F T

Prentun: Landsprent

Netið er fullt af möguleikum! Þar er hægt að leita að fróðleik, deila myndum, horfa á myndbönd og spila og skemmta sér með vinum sínum. Engu að síður þarf að hafa ýmislegt í huga þegar vafrað er um netið því þar er auðvelt að lenda í ógöngum.

Hverjir eru að gægjast?

Þegar þú skrifar eitthvað á netið eða setur inn mynd er ekki alltaf auðvelt að fjarlægja það. Raunar er það svo að það sem þú skrifar eða deilir á netinu getur verið sýnilegt öðrum árum saman, jafnvel þótt þú sjálf(ur) hafir eytt því. Svipað því þegar gerð eru fótspor í blauta steypu, þá sjá aðrir verk þín um ókomna tíð.

Umhverfis jörðina

Engin leið er að vita hve langa leið það sem þú setur á netið ferðast. Hugsanlega deila vinir þínir því áfram, síðan þeirra vinir og svo koll af kolli þar til efnið hefur hugsanlega náð marga hringi um jörðina. Þess vegna er það mjög góð regla að þú staldrir örlítið við og hugsir þig um, eitt skipti í viðbót, áður en þú setur efni á netið.

Samfélagsmiðlar

Þú ert ef til vill á samfélagsmiðlum, svo sem Instagram eða Snapchat, þar sem vinir deila alls konar efni hver með öðrum. Hér skaltu hugsa þig vel og rækilega um áður en þú sendir frá þér eitthvað skriflegt eða myndir. Það getur auðveldlega gerst að það sem þú deilir muni fleiri sjá en vinir þínir. Þess vegna er það góð regla að fylgjast með því hvort það sem þú deilir fari eingöngu til þeirra sem þú vilt að sjái það. Þetta má til dæmis gera með því að læsa þínu efni svo

að það sé eingöngu aðgengilegt þínum vinum. Ef þú ert ekki viss um hvernig þú læsir efninu þínu geta foreldrar þínir eða einhverjir aðrir ábyggilega aðstoðað.

En... meira að segja slíkar ráðstafanir duga ekki alltaf til. Þegar þú setur mynd á Instagram og Facebook gefurðu eigendum samskiptaforritsins sjálfkrafa leyfi til að nota myndina eins lengi og þeim sýnist. Þess vegna ættirðu kannski að láta það eiga sig að dreifa mjög persónulegum myndum frá þér um netið.



Ert þú netsmiðingur?

Hagaðu þér nú

Myndir þú ganga að einhverjum í skólanum þínum og láta fúkyrðaflauminn dynja á honum eða henni, eða kalla svívirðingar á eftir ókunnugu fólki úti á götu? Ekki það? Það sama gildir þegar fólk spjallar saman á netinu, þar þarf líka að sýna kurteisi. Það heindir að fólk skrifar ljóta hluti hvert til annars á spjallrásum eða samfélagsmiðlum eða birtir særandi myndir. Stundum er auðveldara að níðast á öðrum í felum bak við tölvuskjá en þegar maður situr við hliðina á þeim. Samt getur það sem þú skrifar og deilir á netinu verið alveg jafnsærandi fyrir aðra og ef þú segðir þeim það augliti til auglitis. Vertu góður vinur og komdu vel fram við aðra, skrifaðu heldur eitthvað fallett og sendu broskar!

Undir fölsku flaggi

Á netinu er auðvelt að þykjast vera einhver annar en maður er. Þar getur nefnilega enginn séð þig með berum augum. Það þarf því að varast þá sem það gera og muna að gera það ekki sjálf(ur). Þú gætir haldið að þú sért að tala við jafnaldra þinn þegar raunin er að þú ert að tala við einhvern miklu eldri eða einhvern sem þykist vera vinur þinn, en er það alls ekki. Mundu þess vegna að hugsa þig alltaf vel um áður en þú sendir einhverjum mynd eða segir honum/



henni frá þínum einkamálum. Þegar það er eitt sinn komið á netið er það ávallt á netinu. Sniðugt getur verið að nota vefmyndavélina á tölvunni eða símanum þínum svo þú sjáir hvern þú ert í rauninni að spjalla við. Mundu líka að mæla þér aldrei mót við neinn sem þú hefur verið að tala við á netinu nema láta einhvern fullorðinn vita af því áður.

Forvitnir foreldrar

Áttu forvitna foreldra sem vilja hnýsast í hvað þú ert að gera á netinu? Það er þá bara vegna þess að þeim er umhugað um þig og gagnlegt getur verið að ræða við foreldra sína um hvað er í lagi og hvað ekki á netinu.

Értu leid(ur) yfir einhverju?


Kom eitthvað upp á? Skrifaði einhver eitthvað sem þér mislíkar? Sérðu eftir að hafa deilt einhverju með einhverjum öðrum?



Mynd kannski, eða einhverju um þig sem ekki á að fara hátt? Þá er best að ræða málið við foreldra þína, kennara í skólanum eða einhvern annan fullorðinn. Jafnvel þótt þú hafir verið einhvers staðar á netinu sem þú ættir ekki að vera. Fullorðna fólkíð vill miklu heldur að þú segir frá og þiggir aðstoð frá því en að þú berir harm þinn í hljóði. Ef þú vilt alls ekki tala við einhvern sem þú þekkir er hægt að hringja og fá aðstoð sem enginn annar fær að vita af. Þú getur til dæmis hringt í Hjálparsíma Rauða krossins sem er fyrir alla. Númerið er 1717.


Í þessu blaði geta bæði þú og foreldrar þínir orðið margs vísari um hvernig best er að umgangast netið viturlega. Þannig getur þú líka orðið snillingur í netnotkun!



Disney Andrés Önd









Ha?

Ótrúlegt að hann geti sofið ...

... á mikilvægu námskeiði hjá grænjöxlunum ...

... í netöryggi!

Jæja, hvað hafið þið lært í dag?




Ekki segja neinum neinum lykilorðin þín!

Ekki ýta á óþekkt viðhengi eða hlekki.

Það er ómögulegt að vita hver er hvað á netinu.



Virkilega flott hjá þér! Þú hefur náð því mikilvægasta!



Til hamingju! Þér er hér með veittur heiðurstíllinn N.E.T.S.N.I.L.L.I.N.G.U.R.!


Við verðum að taka mynd af þessu sögulega augnabliki ...

... og setja á heimasíðu grænjaxlanna!

Hugsaðu þér, Andrés frændi fær heiðurstítil og er orðinn sérfræðingur í netöryggismálum!

KLIK!

Vertu ofur-rannsóknarlöggga



Spyrðu þig þessara spurninga:

- Hvernig gengurðu úr skugga um að það sem hann eða hún segir sé satt?
- Geturðu kannað það sjálf(ur)?
- Þekkirðu einhvern sem er klókur og getur staðfest fullyrðingar annarra?

Þótt eitthvað standi á netinu verður það ekki sjálfkrafa sannleikur. Allir geta skrifað að vild á netið svo ekki er öruggt að treysta því að það sé rétt. Sumt er sannleikur á meðan annað lítur bara út fyrir að vera sannleikur.

Gott er að sannreyna að það sem þú lest séu í raun réttar upplýsingar. Þrátt fyrir að þú finnir upplýsingar á einhverri net-síðu er ekki hægt að treysta þeim í blindni fyrr en þú hefur fengið sannleiksgildi þeirra staðfest annars staðar. Finndu staðfestingu á fleiri en einum stað, athugaðu hvort þú finnir sama fróðleik til dæmis í bókum, dagblöðum eða sjónvarpinu. Þannig er líklegra að þú komist að því hvað er satt og hvað er orðum aukið.



Tölvuvírusar

Því miður eru ekki allir netnotendur til eins mikillar fyrirmyndar og þú, og af og til má búast við því að óprúttir aðilar á netinu sendi þér vefslóðir eða annars konar hlekkir sem þeir vilja gjarnan að þú smellir á. Fáirðu tölvupóst eða skilaboð með vefhlekk skaltu hugsa þig mjög vel um áður en þú smellir á hann. Sérstu heppin(n) gerist ekkert sérstakt en í öðrum tilfellum geturðu lent á hlekkjum frá netskúrkum sem hafa sent þér vírus sem hreiðrar um sig í tölvunni þinni, spjaldtölvu eða símanum. Þetta getur skaðað tölvuna og gert hana ónothæfa þar til þú hefur sent hana í viðgerð eða, það sem verra er, vírusinn getur útvegað þeim sem sendi hann leyfilegan aðgang að tölvunni þinni og gert honum kleift að senda allt sem þú geymir í tölvunni til annarra skúrka. Ekki er gaman að lenda í svona löguðu og þú skalt alltaf spyrja einhvern fullorðinn áður en þú smellir á hlekk eða skrá sem heitir undarlegu nafni eða lítur óvenjulega út.

Netið er stútfullt af myndum og myndskleidum. Að deila myndum með öðrum er auðvelt en um leið getur það reynst varasamt.




Það sem maður gerir á netinu hverfur ekki bara. Orð geta gleymst, myndir má geyma ofan í skúffu en þegar orð og myndir eru komin á netið og hefur verið deilt þar með öðrum verður það ekki svo auðveldlega tekið til baka. Netið á sér engan ritstjóra og því er engin leið að henda reiður á því hver sér eða hleður niður því efni sem aðrir senda frá sér. Þess vegna skiptir það máli að hugsa sig vandlega um áður en maður deilir einhverju. Ertu bara að deila með fólki sem þú þekkir eða hefur fólk sem þú ekki þekkir líka aðgang? Teldu upp að tíu og hugsaðu málið áður en þú setur myndir, athugasemdir eða aðrar upplýsingar út á netið. Maður á líka alltaf að biðja um leyfi áður en maður birtir myndir af öðru fólki á netinu. Sumir foreldrar setja myndir af börnunum sínum á netið án þess að börnin viti en þeir ættu líka að biðja um leyfi til þess áður!



Vissir þú ...

... að lykilorð eru þarfaping? Passaðu upp á tölvupóstinn þinn og aðrar notendaupplýsingar. Einnig getur verið góð hugmynd að láta skjáinn læsa sér á símanum, spjaldtölvunni og tölvunni. Það er álíka hirðuleysi að læsa ekki hjólinu sínu og að gæta ekki að sínum netaðgangi.

... að auðvelt er að dreifa efni á netinu, líka efni sem getur ýtt undir einelti. Fáðu leyfi áður en þú birtir myndir af öðrum.



KÍÓKT OG ÖRUGGT

Saman á netinu



Það þarf ekki að benda til félagsfærni þótt þú sért mikið í snjallsímanum, spjaldtölvunni eða tölvunni. Langt í frá. Skemmtilegra getur þó verið þegar tveir eða fleiri eru saman og þá eykst líka öryggið því þá getur hver passað upp á annan.

Fullorðið fólk skilur ekki allt

Eldri kynslóðirnar telja það ólíkt að hittast á netinu og að hittast í raunveruleikanum. Auðvitað er það svo, en þeir sem eldri eru skilja ekki að okkur finnst þetta tvennt ekki svo ólíkt. Snjallsímar, tölvur, vefmyndavélar og önnur stafræn verkfæri hafa ekki verið til staðar alla þeirra tíð þótt eldri fólkíð geti lært að meta þessi tæki og möguleikana sem þau bjóða. Reynum að einfalda öllum á heimilinu að hittast í netheimum og upplifa allt stafræna stuðið sem þar getur leynst!



Vefvafstur

Að vafra á netinu er athöfn sem stunda má saman. Vissir þú til dæmis að myndskreiðavefurinn YouTube er eitthvað sem fólk í öllum aldurshópum skemmtir sér yfir? Þar eru aðgengilegir leitarmöguleikar og auðvelt að kalla fram heilan undraheim af heimamyndskeiðum, tónlist, teiknimyndum, frumskógardýrum, flugvélum, bílum og bátum og það á netsíðu sem er algjörlega öruggt og óhætt að heimsækja. Margir staðir á netinu eru nefnilega ekki eins öruggir og YouTube og, líkt og í sumum stórborgum, getur reynst háskalegt að vera ein(n) á ferli þar. Leiðin þarf ekki að vera löng frá vefsíðum fyrir alla fjölskylduna yfir á aðra staði þar sem þú ættir alls ekki að vera ein(n). Fyrir en varir liggur leið þín um götu þar sem vegfarendum gengur misgott til ætlunar og þú veist aldrei hvaða dyr liggja að einhverju sem þig langar ekki að sjá. Séu aðstæðurnar orðnar þannig skaltu ekki hika við að biðja einhvern fullorðinn að leiða þig úr vandanum.



Spjall

Það hljómar ævintýralega að maður geti hringt í einhvern á fjarlægum stað og séð viðkomandi á skjánum um leið. Í barnæsku foreldra þinna var slíkt eitthvað sem eingöngu vísindaskáldsögur fjölluðu um. Nú til dags teljast slíkt samtöl ofurvenjuleg með aðstoð forrita á borð við Skype, Google Hangouts og Facetime. Að hafa aðgang að slíku er svipað fyrir ungu kynslóð dagsins í dag og foreldrum okkar finnst að geta spjallað saman í stofusófanum. Stafræna tækni gerir þér kleift að eiga fundi með afa á Siglufirði eða skoða kettlinga vinkonu þinnar á Djúpvogum en það finnst þér náttúrulega ekki baun merkilegt, sem hefur alist upp við þessa tækni.

Í fjársjóðsleit með GPS


Þessi leikur gengur út á að finna ýmsa staði utanhúss. Þar getur til dæmis verið um að ræða bréf frá sjóræningjaskipstjóranum Krumlum sem þarfnast hjálpar ykkar við að finna týndan fjársjóð og eins má nota aðra hluti sem þarf að finna.

Feldu fyrst hingað og þangað bréf og annað sem finna skal. Staðsetning hvers hlutar er svo sett inn sem leiðarpunktur í GPS-staðsetningartæki. Þá þarftu að standa á sama stað og hluturinn á meðan þú merkir. Sjálfur fjársjóðurinn er svo falinn við síðasta leiðarpunktinn.

Gerðu til dæmis þrjú eða fjögur bréf frá skipstjóranum sem þarfnast aðstoðar við fjársjóðsleitina. Hvert bréf táknar einn stað í leitinni og ekki gleyma að búa líka til alvöru sjóræningjakort.

Þegar allir staðirnir eru komnir inn sem leiðarpunktar í GPS-tækið notarðu valmöguleikann „Búa til leið“ til að búa til fyrirframákveðið ferli sem leitarmennirnir eiga að fylgja. Þetta er nauðsynlegt svo að þeir finni og lesi bréfin í réttari röð. Svo byrjar leitin! Leitahópurinn fær GPS-tækið sem nú hefur fengið hlutverk eins konar uppdráttar.

Mikilvægt er að hópurinn skiptist á að vera með tækið, hann finnur svo eitt og eitt bréf sem að lokum leiðir hann að fjársjóðnum!



Framleiðdu þína eigin hreyfimynd

Ekki þarf að vera svo flókið að búa til hreyfimynd. Með örflítili tæknilegri aðstoð ættirðu að geta gert það heima eða í skólanum. Hérna er ein tillaga sem þú getur prófað.

Fyrst þurfa framleiðendur að koma sér saman um hvað myndin eigi að fjalla og hvernig atburðarásin skuli þróast. Þá þarf að taka afstöðu til persóna og útlits bakgrunnins en persónurnar mætti til dæmis skapa úr kubbum eða leir.

Þú þarft stafræna myndavél eða síma með öflugri myndavél fyrir myndatökuna. Þar sem fjöldi mynda þarf til að setja saman hreyfimynd geta allir lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að taka myndir og svo þarf síma til að spila tónlistina undir. Þegar búið er að vinna alla grunnvinnuna eru bestu myndirnar valdar, þeim raðað í rétta röð og tölvan svo látin fletta þeim sjálfkrafa. Til þess má nota aragrúa myndaforrita sem flest eru ókeypis.

Þá er ekkert eftir nema heimsfrumsýning fyrir vinina og fjölskylduna! Að búa til hreyfimynd veitir góða þjálfun í notkun tækja og forrita og svo má ekki gleyma samvinnunni sem það krefst!

Samfélagsmiðlar



Samfélagsmiðlar eru samheiti yfir netsíður, smáforrit eða önnur forrit sem gera notandanum kleift að eiga samskipti við aðra notendur. Þetta fer fram með netspjalli, tali, myndsamtölum, rituðum samskiptum eða myndum. Margir mismunandi samfélagsmiðlar hafa komið fram um árin en þeir sem nú tíðkast eru þeir fullkomnustu og umfangsmestu hingað til. Hér á eftir geturðu fræðst örlítið um þá vinsælustu. Hve marga samfélagsmiðla þekkir þú?


Facebook

Facebook er stærsti samfélagsmiðillinn og er vefsvæði sem fyrst og fremst var hannað með það fyrir augum að halda sambandi við vini og fjölskyldu. Á Facebook býrð þú til þína eigin persónulegu síðu þar sem þú getur sett inn helstu upplýsingar um sjálfa(n) þig og getur svo fundið marga þeirra sem þú þekkir og hefur þekkt áður fyrr. Nú er meira en einn milljarður jarðarbúa með síðu á Facebook. Hafðu þó hugfast að þú þarft að vera orðin(n) þrettán ára til að nota Facebook.

MUNDU

- Samfélagsmiðlar gleyma engu og þegar þú einu sinni hefur skrifað eitthvað eða deilt einhverri mynd þar hefur í reynd allur heimurinn aðgang að því.
- Þótt þú skrifir einkaskilaboð til einhvers sem þú þekkir skaltu gæta þess að segja hvorki neitt sem þú vilt að fari leynt né senda myndir sem eru ekki ætlaðar öðrum. Þessir hlutir geta dreifst víðar en þú ætlar svo geymdu leyndarmálin þar til þú hittir vininn eða vinkonuna.





Instagram

Instagram er í stuttu máli mjög einfölduð útgáfa af Facebook og eingöngu ætlað fyrir myndir og myndskreið. Á Instagram geturðu sett myndir af því sem er að gerast hjá þér hverju sinni og þá sjá þeir sem fylgja þér myndirnar. Þú getur valið opið eða lokað snið á Instagram eftir því hvort þú vilt að allir notendur forritsins geti séð myndir frá þér eða eingöngu þeir sem þú velur.

Snapchat

Snapchat er skilaboðaforrit sem gerir þér kleift að senda skilaboð, myndir og myndskreið til þeirra sem þú kýst en ólíkt til dæmis Instagram hverfa skilaboðin frá þér eða myndin eftir nokkrar sekúndur, það er þitt að ákveða sekúndufjöldann. Snapchat hefur náð gifurlegum vinsældum hin síðustu ár og virðist svo sem margir kunni vel að meta að þeir geti sent frá sér mynd eða texta sem hverfur örskömmu síðar. Hér ber þó að sýna aðgát, þú getur aldrei verið alveg örugg(ur) um að efnið frá þér hverfi að eilífu því móttakendur geta náð að festa sér myndir og texta með því að taka skjámynd meðan efnið er enn sýnilegt. Gættu þín því líka hér á hvað þú sendir frá þér, því einhver gæti náð því og geymt.

Twitter

Twitter er einn af elstu samfélagsmiðlunum. Twitter má líkja við Facebook nema hvað að á Facebook geturðu skrifað heilu skáldsögurnar en hver færsla á Twitter rúmar aðeins 160 tákni sem þýðir að þú þarft að hafa mál þitt mjög hnitmiðað. Twitter er mjög vinsæll samfélagsmiðill í Bandaríkjunum, þar sem meðal annars stjórnurnar nota hann mikið, en hérna á Norðurlöndunum eru Facebook, Instagram og Snapchat ofar á lista flestra netnotenda.

Allir hinir

Svo má ekki gleyma samfélagsmiðlum á borð við Google+, Reddit, Pinterest, Ello, Flickr, LinkedIn og Vine. Allir eiga þeir sér fjölda notenda en enginn þeirra hefur slegið í gegn í líkingu við þá sem fjallað er um hér á undan (LinkedIn kemst kannski næst því en hann er nú eiginlega bara fyrir full-orðna og geiiiisp).



Nei við neteinelti

Því miður er mun auðveldara að leggja aðra í einelti á netinu en augliti til auglitis. Minnstu þess ávallt að það er alvörufólk með alvörutilfinningar sem þú ert í samskiptum við gegnum netið.

Þjóðráð til að fyrirbyggja neteinelti

- Börn og fullorðnir ættu að ræða sín á milli hvers konar hegðun er í lagi á netinu og hvers konar hegðun er ekki í lagi.
- Stríðni og einelti er ekki í lagi! Þeir sem verða fyrir slíku geta átt um mjög sárt að binda. Ef einhver verður fyrir einelti, eða leggur aðra í einelti, á að taka því alvarlega!
- Gríptu til aðgerða! Talaðu við vin eða vinkonu og láttu einhvern fullorðinn vita. Hættu að nota netsíðuna eða samfélagsmiðilinn þar sem þú verður fyrir einelti. Lokaðu á þann sem er að angra þig svo hann eða hún geti ekki sent þér neitt, það er hægt á flestum samfélagsmiðlum.
- Leitaðu aðstoðar! Börn og unglingar eiga alltaf að segja fullorðnum frá einelti á netinu og fá hjálp. Það gerir bara illt verra ef þú reynir að ná fram hefndum.
- Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig. Gættu hófsemi í samskiptum þínum og varastu að niða skóinn af öðrum á netinu.
- Taktu skjámyndir af skilaboðum sem þú færð og geta talist til eineltis, hvort sem það gerist á Facebook, Snapchat, Instagram eða bara í SMS-skilaboðum.
- Foreldrum þínum ber skylda til að skipta sér af einelti á netinu svo þú skalt ekki þegja um slíkt heldur ræða það við foreldrana tafarlaust ef þú telur þig sæta einelti. Það gildir einu þótt þér þyki vandræðalegt að tala um það því það er það alls ekki!

